



1111Fréttatilkynning
2011.

Reykjavík, 15. apríl

Matarpakkar úr sögunni

Hjálparstarf kirkjunnar ætlar frá 1. maí 2011 að gera róttækar breytingar á mataraðstoð sinni innanlands. Breytingunum er ætlað að mæta þörf skjólstæðinga betur og draga úr því að fátækt foreldra skapi neikvæða upplifun barna af æsku í fjárþröng. Eftir sem áður geta allir, barnafólk og aðrir, notið faglegrar ráðgjafar og ýmissa annarra úrlausna stofnunarinnar en mataraðstoðar. Því er sérstök athygli vakin á lið 3, hér fyrir neðan. Hjálparstarf kirkjunnar leitast við að hjálpa fólki til sjálfshjálpar með margþættum stuðningi.

Í hnotskurn

1. Hjálparstarf kirkjunnar ætlar frá 1. maí að veita **barnafólki** mataraðstoð með inneignarkortum í stað matargjafa í poka. Forritun kortanna stuðlar að því að inneign sé varið til nauðsynja. Eftir sjö mánuði verður verkefnið metið og framtíðarmarkmið mótuð út frá því.
2. Á svæðum þar sem einnig starfa önnur hjálparsamtök munum við vísa öðrum en barnafólki þangað. Þar sem engin önnur samtök starfa, s.s. víða á landsbyggðinni, mun Hjálparstarfið taka við öllum umsóknum.
3. **Öll önnur aðstoð verður óbreytt og ætluð öllum**, barnafólki og öðrum, hvar sem er á landinu. Það á við um t.d. stuðning vegna skólagöngu og tómstunda barna, vegna náms framhaldsskólanema, vegna óvænts

lyfja- og læknisaðstoðar, vegna starfsþjálfunar og menntunar illa staddra ungra mæðra og fleira.

4. Gamlir sem nýir skjólstæðingar þurfa að koma með öll gögn um tekjur og gjöld til að sækja um í þessu nýja kerfi. Áfram er miðað við að tekjur mínus gjöld verði ekki hærri upphæð en viðmið umboðsmanns skuldara.
5. Hjálparstarfið vill efla starfið m.a. með því að fá inn aðila til að veita fjármálaráðgjöf og námskeið í samstarfi við önnur samtök.

Arion Banki bakhjarl

Arion banki, viðskiptabanki Hjálparstarfsins, styður kortaleiðina. Bankinn mun kosta útgáfu inneignarkortanna og veita verkefninu fjárhagslegan stuðning. Að auki mun Arion banki kosta aðstoð fjármálaráðgjafa fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfsins. Sá mun koma einu sinni í mánuði og ásamt félagsráðgjöfum stofnunarinnar, hjálpa skjólstæðingum að annast fjármál sín þannig að besta útkoma náist í hverju máli, óháð því hvar þeir eiga viðskipti.

Dýrari leið – páskasöfnun til innanlandsaðstoðar

Kortaleiðin verður dýrari en að reka matarbúr vegna þess að Hjálparstarfið hefur notið gjafa og afsláttarkjara fjölda tryggra matvælafyrirtækja, innflytjenda, framleiðenda og velunnara. Hjálparstarfið mun samhliða breytingunum leita stuðnings verslana og einstaklinga til að fjármagna aðstoðina eins og hún verður. Páskasöfnun Hjálparstarfsins sem fer af stað með valgreiðslum í bönkum í lok apríl verður helguð aðstoð innanlands.